



# Byggingatrygging

Skilmáli nr. GF50

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. GF50
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Byggingatrygging er fyrir alla húsbýggjendur sem vilja hafa sitt á hreinu á meðan byggt er. Hún samanstendur af bruna-, húseigenda-, slysa- og ábyrgðartryggingu.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## I. Húseign í smíðum

### 1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þeirrar húseignar eða hluta húseignar sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og er í smíðum.
- 1.2 Tryggingin bætir jafnframt tjón á verkfærum, vinnuþöllum og vinnuskúrum á byggingarstað enda séu þessir hlutir í eigu eða umsjá tryggðs, þó ekki hluti í eigu verktaka eða meistara byggingarinnar, starfsmanna þeirra eða verkfæra- og tækjaleiga.

### 2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi húseignar í smíðum sem ráðið hefur byggingarstjóra til að hafa umsjón með byggingarframkvæmdum er tryggður. Gert er ráð fyrir að byggingarstjóri, iðnmeistarar og/eða verktakar sem annast byggingarframkvæmdir hafi í gildi viðeigandi tryggingar vegna verktakastarfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi undanskilin í tryggingu þessari.
- 2.2 Réttihafar að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í húseigninni eru meðváttryggðir.<sup>1</sup>

### 3. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur
3.1 Eldsvoði, elding og sprenging	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tjón af völdum eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.</li> <li>Tjón af völdum eldingar.</li> <li>Tjón af völdum sprengingar.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tjón vegna skammhlaups, nema af því leiði eldsvoða eða það sé afleiðing eldsvoða.</li> <li>Tjón vegna verkeftra framkvæmda þegar unnið er með sprengiefni.</li> </ol>	
3.2 Sótfall	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tjón af völdum skyndilegs og óvænts sótfalls sem verður t.d. vegna sprengingar frá kynditækjum.</li> </ol>		
3.3 Vatn	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tjón vegna skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögnum húseignar.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tjón á leiðslum/rörum eða kostnað við endurlagningu þeirra.</li> <li>Tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem úrkomu, flóða, snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphitaðri húseign og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti til að fyrirbyggja frostskemdir.</li> <li>Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.</li> </ol>

<sup>1</sup> Sbr. ákvæði um meðváttryggða í 39. gr. og 41. – 43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



3.4 Hrun og sig	a) Tjón af völdum hruns eða sigs enda eigi tjónsorsökin rót sína að rekja til skyndilegs og óvænts atviks.		
3.5 Óveður	a) Tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsátturinn átti sér stað. Vatnsskemmdir á hinu tryggða samfara óveðurstjóni eru einnig bættar.		
3.6 Skemmdarverk, innbrot og þjófnaður	a) Tjón af völdum skemmdarverka, innbrots eða þjófnaðar á byggingarstað.		a) Tryggður skal sjá til þess að tryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur. b) Tryggður skal sjá til þess að verkfæri og áhöld séu geymd í læstri geymslu.
3.7 Gler	a) Brot á venjulegu, sléttu og glæru rúðugleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreypit eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.	a) Tjón við ísetningu.	

#### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 4.1 Tryggingin bætir ekki afleidd tjón af hvaða orsökum sem er.
- 4.2 Tryggingin bætir ekki tjón sem stafa af því að rangt eða gallað efni er notað.
- 4.3 Tryggingin bætir ekki tjón sem stafa af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/eða útreikningum.
- 4.4 Tryggingin bætir ekki tjón af völdum skráningarskyldra ökutækja.
- 4.5 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

#### 5. Háttsemi annarra

- 5.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.<sup>2</sup>

#### 6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Tryggingarfjárhæð fer eftir samkomulagi tryggðs og VÍS og kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.
- 6.3 Tryggðum er skylt að óska eftir framkvæmd brunabótamats eigi síðar en fjórum vikum eftir að ný húseign er tekin í notkun eða smíði hennar lokið.

#### 7. Eigin áhætta

- 7.1 Af hverju tjóni ber tryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

#### 8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- 8.2 Ef unnt er að gera við skemmdir vegna tjóns þannig að ástand hins tryggða verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir á kostnað VÍS.

<sup>2</sup> Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- 8.3 Ef ekki er unnt að gera við skemmdir vegna tjóns eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 8.4 Skemmist húseign eða tryggt lausafé það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati VÍS getur það greitt bætur í peningum sem nema andvirði hins tryggða að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur.
- 8.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 9. Verð

- 9.1 Verð tryggingarinnar er m.a. reiknað út frá tryggingarfjárhæð húseignar, notkun hennar og staðsetningu.
- 9.2 Verð brunatryggingar hvílir sem lögveð á húseign og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á henni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs. Sé verð tryggingar ekki greitt innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að selja húseign á uppboði.<sup>3</sup>

## 10. Eigendaskipti

- 10.1 Ef eigendaskipti verða að tryggðri húseign fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tjónsatburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

## 11. Ágreiningur um tryggingar- og bótafjárhæð

- 11.1 Hafi tjón orðið og ágreiningur er um bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum er héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefni hverju sinni. Greiða skal kostnað vegna gerðardóms samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingarmála setur. Kostnaðinn ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.

## II. Ábyrgðartrygging húseiganda

### 12. Hver er tryggður?

- 12.1 Eigandi húseignar í smíðum sem ráðið hefur byggingarstjóra til að hafa umsjón með byggingarframkvæmdum er tryggður. Gert er ráð fyrir að byggingarstjóri, iðnmeistarar og/eða verktakar sem annast byggingarframkvæmdir hafi í gildi viðeigandi tryggingar vegna verktakastarfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi undanskilin í tryggingu þessari.

### 13. Hvenær gildir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin nær til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 13.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.

### 14. Hvað bætir tryggingin?

- 14.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs er fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar eða húseignarhluta í smíðum og tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 14.2 Beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum sökum vinnuframlags hans sjálfs og fjölskyldu hans við smíði húseignar, svo og annarra sem á vegum tryggðs kunna að leggja fram vinnu við byggingu húseignar enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna eða starfsfólk þeirra. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr.
- 14.3 Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar.

### 15. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 15.1 Sektor né heldur málskostnað í sambandi við refsímál.
- 15.2 Tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum, þ.e. tryggingartaki og fjölskylda hans, enda hafi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili, og aðrir þeir sem kunna að leggja fram vinnu við byggingu húseignar, enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna né starfsfólk verktaka, byggingarstjóra eða iðnmeistara.
- 15.3 Tjón á eignum sem stafar af eldsvoða, reyk, sóti eða sprengingu.
- 15.4 Tjón á munum sem eru í eigu tryggðs eða fjölskyldu hans, eða hafa verið fengnir þeim

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögumætum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

**Hlutverk ábyrgðartryggingar** er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem hinn tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „**þriðji aðili**“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.

<sup>3</sup>Sbr. 7. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994.



til afnota, umráða eða vörslu. Ekki bætist heldur tjón á munum sem tryggður hefur selt en ekki afhent.

## 16. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 16.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 17. Varúðarreglur

- 17.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

## 18. Tryggingarfjárhæð

- 18.1 Ábyrgð VÍS takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 18.2 Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

## 19. Eigin áhætta

- 19.1 Af hverju tjóni ber tryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 19.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir VÍS heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 19.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

## 20. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 20.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 21. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 21.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 21.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir á kostnað VÍS.
- 21.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 21.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 21.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 22. Staða tjónþola við tjón

- 22.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. Tryggðum og VÍS er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 22.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 22.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 22.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 23. Meðferð bótakrafna

- 23.1 Tryggða ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 23.2 Tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki VÍS.
- 23.3 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð



fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

### III. Slystrygging

#### 24. Hver er tryggður?

- 24.1 Tryggingartaki er tryggður.
- 24.2 Fjölskylda tryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað svo og aðrir sem um stundarsakir vinna við bygginguna og eru ekki verktakar við bygginguna, byggingarstjóri, iðnmeistarar eða starfsfólk þeirra.

#### 25. Hvar gildir tryggingin?

- 25.1 Tryggingin gildir á byggingarstað, á beinni leið á milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni þótt þau séu utan byggingarstaðar.

#### 26. Hvað er slys?

- 26.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

#### 27. Hvað bætir tryggingin?

- 27.1 Greiddar eru bætur vegna slyss er tryggður verður fyrir, ef það leiðir til:
- Andláts.
  - Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
  - Tímabundins missis starfsorku.
  - Tannbrots.
- 27.2 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

#### 28. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 28.1 Ekki eru greiddar bætur vegna slysa sem verða:
- Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafyrivalda.
  - Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
  - Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
  - Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
  - Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lömunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.
  - Af völdum vélknúinna, skráningarskyldra ökutækja og leiðir til réttar tryggðs til skaðabóta, hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysaftryggingu ökumanns og eiganda. Sama gildir eigi sá sem tryggður er rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekkttra og ótryggðra ökutækja.
  - Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

#### 29. Tryggingarfjárhæð

- 29.1 Hámarks tryggingarfjárhæðir fara eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna verkamanna við byggingarvinnu eins og hann er á hverjum tíma.
- 29.2 Sé tryggður 70 ára eða eldri verða tryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks tryggingarfjárhæðum:

Á 71. aldursári	95%	Á 79. aldursári	55%
Á 72. aldursári	90%	Á 80. aldursári	50%
Á 73. aldursári	85%	Á 81. aldursári	45%
Á 74. aldursári	80%	Á 82. aldursári	40%
Á 75. aldursári	75%	Á 83. aldursári	30%
Á 76. aldursári	70%	Á 84. aldursári	20%
Á 77. aldursári	65%	Á 85. aldursári	10%
Á 78. aldursári	60%		



29.3 VÍS tryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

### 30. Ákvörðun bóta

#### 30.1 Dánarbætur

- Látist tryggður vegna afleiðinga slyss innan þriggja ára frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádrögnum bótum fyrir varanlega örorku sem VÍS kann að hafa greitt tryggða vegna sama slyss.
- Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti tryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem tryggingin nær til.
- VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.
- Um rétt til dánarbóta fer samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands.

#### 30.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- Valdi slyss tryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.
- Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamningi.
- Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlimir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- Missir eða bækklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækkluninni fyrir slysið.
- Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- Ef tryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.
- Leiði slyss til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu VÍS og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til að meta afleiðingar slyssins.

#### 30.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

- Valdi slyss tryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir VÍS dagpeninga. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati lækni, eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó aldrei lengur en í þann hámarksbótatíma er fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi.
- Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessarar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

#### 30.4 Bætur vegna tannbrots

- VÍS greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slyss.
- Greiðsla VÍS takmarkast við 5% af grunntryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju tryggingatímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- VÍS bætir þó ekki tannbrot sem verða við vinnuslyss, sbr. lög um



almannatryggingar, eða brot sem verða þegar tryggður matast.

30.5 VÍS er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða tryggðan.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**